



Nýútskrifaðir íslenskir læknar í móttöku hjá Læknafélagi Íslands þann 4. júní 2025. Alls voru það 103 íslenskir læknar sem skrifuðust út frá fjórum löndum þetta árið.

Velkomin í hópinn – það er stórt að geta kallað sig lækni

103 nýútskrifaðir íslenskir læknar frá fjórum löndum

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Héðan í frá eruð þið læknar allan sól-arhringinn, hvort sem ykkur líkar betur eða verr, og læknaeiðurinn sem þið undirritið í dag mun fylgja ykkur út lífið, sagði Steinunn Þórðardóttir þegar hún glöð í bragði bauð nýútskrifaða lækna velkomna á árlegri kandidatamóttöku Læknafélags Íslands. „Munið að þið eruð núna fyrst að hefja ferðalagið sem læknar sem getur farið á svo ótalmarga vegu.“

Það var hátíðlegt í húsakynnum Læknafélags Íslands á sólþjörtum degi í byrjun júní, þegar Læknafélag Íslands bauð 103 nýútskrifaða lækna velkomna í hóp íslenskra lækna. Mikil gleði og bjartsýni ríkti meðal eldri sem yngri lækna við móttöku nýju lækna – framtíðar íslenska heilbrigðiskerfisins.

Það voru 60 læknar sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands, 35 frá Slóvakíu, fjórir frá Ungverjalandi, þrír frá Danmörku og einn frá Kýpur og ánægjulegt að fá

þennan fjölbreytileika inn í íslenskt heilbrigðiskerfi.

Til móttökunnar voru mættir margir merkir læknar úr hópi íslensku lækna-stéttarinnar til að samgledjast nýútskrifuðu læknum og bjóða þau velkomin í hópinn. Aldrei hefur hópur nýútskrifaðra íslenskra lækna verið svo stór.

Forseti læknaeildar Háskóla Íslands, Þórarinn Guðjónsson, kom með „bókina góðu“ sem nýju lækarnir rituðu nafn sitt í og undirrituðu þar með læknaeiðinn – samviskueið forngríska læknisins Hippókratesar – og óskaði þeim til hamingju með þennan mikla áfanga.

Sigurður Guðmundsson smitsjúkdómalæknir, fyrrverandi landlæknir og einn af helstu boðberum góðrar læknisfræði á Íslandi, flutti tölu fyrir hönd 50 ára útskriftarlækna og hvatti þau til dáða í læknisstarfinu. Hann eins og formaðurinn benti á að læknir vinnur að

klínískri vinnu við sjúklinga og kennslu læknanema og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

Hilma Hólm hjartalæknir sem til margra ára hefur starfað að vísindavinnu við Íslenska erfðagreiningu, talaði fyrir hönd 25 ára útskriftarlækna og hvatti nýju lækna meðal annars til að stunda vísindavinnu og standa vörð um hana til framtíðar.

María Heimisdóttir nýskipaður landlæknir hélt einnig tölu og hvatti meðal annars til teymisvinnu og Helga Ágústa Sigurjónsdóttir ritstjóri *Lækna-bladsins* minnti á gildi vísindanna til að viðhalda góðu heilbrigðiskerfi og hvatti nýju lækna til að senda blaðinu bæði vísindaefni og áhugaverð sjúkratilfelli þar sem blaðið mun áfram velja út bestu vísindagreininguna og besta/áhugaverðasta sjúkratilfellið eins og gert var í fyrsta sinn í tilefni 110 ára árgangsaðmælis.



Alma Glóð Kristbergsdóttir og Hrafn Sævarsson lækna með Önnu Katrínu Guðbrandsdóttur (maki) og Venný Hönnudóttir (maki).



Árni Daniel Árnason, Embla Rún Björnsdóttir, Helga Húnfjörð Jósepsdóttir, og Diljá Hilmarsdóttir lækna og Agnes Ösp Gunnarsdóttir læknanemi.



Ástrún Helga Jónsdóttir skrifar undir Codex Ethicus.



Það var létt yfir unga fólkinu í móttöku Læknafélags Íslands.



Björn Vilhelm Ólafsson skrifar undir Codex Ethicus.



Hilma Hólm, Ragnar Freyr Ingvarsson, Sædis Sævarsdóttir, Þórarinn Guðjónsson, Guðrún Svanborg Gísladóttir, Sigurður Guðmundsson og Þorbjörn Jónsson.



Steinninn Þórðardóttir formaður Læknafélags Íslands lýsti fjölbreytni lækna starfsins í dag.



Sólargeislar sumarsins gylltu veisluborðið hátíðarstemmingu.



Hilma Hólm og María Heimisdóttir.

Læknablaðið óskar læknum útskrifuðum 2025 innilega til hamingju með áfangann!

Alexander Heiðarsson
Alexandra Hafþórsdóttir
Alexandra Herbertsdóttir
Alma Glóð Kristbergsdóttir
Alrún Irene A. Stephensen
Andrea Björt Garðarsdóttir
Andrea Rós Jónsdóttir
Andrea Ýr Úlfhéðinsdóttir
Andrés Uggi Burknason
Anna Katrín Gísladóttir
Anna Karen Richardsson
Arnar Berent Sigrúnarson
Atli Haukur Brynleifsson
Auður Gauksdóttir
Axel Birgir Ólafsson
Árni Daniel Árnason
Ásdís Brynja Ólafsdóttir
Ástrún Helga Jónsdóttir
Bergmundur Bolli H. Thoroddsen
Bergþóra Hrönn Hallgrímsdóttir
Birkir Freyr Andrasen
Bjarni Dagur Bakkmann Þórðarson
Björn Hjörvar Harðarson
Björn Vilhelm Ólafsson
Bryndís Högná Ingunnard. Oddsdóttir
Brynjar Thor Gunnarsson

Daniel Óli Ólafsson
Dáníela Rán Rakelardóttir
Davíð Sigurjónsson
Diljá Hilmarsdóttir
Edward Rumba
Egill Gauti Þorsteinsson
Elín Dröfn Einarsdóttir
Elín Metta Jensen
Elisabet Tara Guðmundsdóttir
Embla Rún Björnsdóttir
Eygla Káradóttir
Freydís Halla Einarsson
Freyja Sólrún Sigurðardóttir
Guðlaugur Vignir Stefánsson
Guðrún Anna Halldórsdóttir
Guðrún Lilja Hilmarsdóttir
Gunnar Jökull Ágústsson
Hafþór Sólberg Gunnarsson
Hafþór Sigurðarson
Heiðrún Birta Sveinsdóttir
Helga Húnfjörð Jósepsdóttir
Helga Mikaelisdóttir
Herdís Eva Hermannsdóttir
Hervör Þórhallsdóttir
Hildur Eiðsdóttir
Hilmar Freyr Friðgeirsson

Hjalti Reykdal Snorrason
Hjördis Tinna Pálmadóttir
Hrafn Sævarsson
Hrannar Ingi Halldórsson
Hörður Ingi Gunnarsson
Iðunn Valgerður Pétursdóttir
Inga María Baldursdóttir
Ingi Pétursson
Ingibjörg Rut Einarsson
Íris Björg Guðnadóttir
Íris Emma Gunnarsdóttir
Ívan Árni Róbertsson
Jóna María Eiríksdóttir
Jóns Hálfdánsdóttir
Kara Hlynisdóttir
Kristbjörg María Gunnarsdóttir
Kristín Harpa Jónsdóttir
Kristín Sif Sigsteinsdóttir
Kristján Bjarki Halldórsson
Kristján Davíð Sigurjónsson
Kristrún Ingunn S. Sveinsdóttir
Laufey Halla Atladóttir
Líney Ragna Ólafsdóttir
Luis Gísli Rabelo
Magnús Þór Sigurðarson
Martina Ilievska

Rós Ólafsdóttir
Saga Ýr Ívarsdóttir
Sigrún Jónína Rúnarsdóttir
Sigrún Júlía Finnsdóttir
Sigrún Erla Svansdóttir
Sigrún Birna Úlfarsdóttir
Sigurður Bjarni Benediktsson
Sigurjón Valdimarsson Zoëga
Sigurlaug Inga Guðbjartsdóttir
Sóley Sif Helgadóttir
Sylvia Siv Gunnarsdóttir
Sædis Karolina Þóroddsdóttir
Telma Sigurður Guðbjarnardóttir
Tinna Guðmundsdóttir
Una Jade Gunnarsdóttir
Unnur Þyrí Sigurðardóttir
Viktor Ingi Ágústsson
Viktória Bergmann Halldórsd.
Vífill Ari Hróðmarsson
Ylfa Dögg Ástþórsdóttir
Þorgerður Einarsson
Þorsteinn Ívar Albertsson
Þorvaldur Ingi Elvarsson
Þórður Björgvin Þórðarson
Þórunn Egilsdóttir